



Ágæti eldir nýnemi

Það gleður mig að tilkynna þér að þér hefur verið boðin skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð á haustönn 2021.

Allir nýir MH-ingar eru boðaðir á kynningarfund í skólanum miðvikudaginn 18. ágúst kl. 13:00. Á fundinum verður ávarp rektors en eftir það fara nemendur í stofur með umsjónarkennurum sínum. Þar kynna kennararnir skólann og fara yfir stundatöflur og hvernig fyrstu dagarnir ganga fyrir sig.

- Þú ert í lífsleikni fyrir eldir nýnema LÍFS1AB01
- Stundataflan þín gæti byrjað kl. 8:10 og staðið til 15:55 alla daga nema föstudaga en þá lýkur henni kl. 12:25 (hjá flestum).
- Fyrsta kennsludaginn, fimmtudaginn 19. ágúst, verður skólasetning á sal kl. 9:00 og hefst kennsla í beinu framhaldi af henni.

Námstjórar velja áfanga fyrstu annarinnar eftir því hvaða braut þú valdir og hvaða áföngum þú hefur núþegar lokið á framhalsskólastigi. Upplýsingar um stundatöfluna þína og bókalista áfanganna sem þú ert í verða aðgengilegar í Innu um miðjan ágúst. Þar sérðu einnig hvernig áfangar úr fyrra námi hafa verið metnir. Þú ert hvattur til að skoða vel hvaða áfanga þú hefur verið settur í og ef þú hefur einhverjar athugasemdir er best að hafa samband við námstjóra.

- Til að komast inn í Innu þarftu að eiga rafræn skilríki eða íslykil.
- Viðtalstímar námstjóra verða auglýstir nokkrum dögum fyrir skólasetningu og þú getur komið upp í skóla og hitt þá til að ræða málin.
 - Þeir verða einnig til viðtals, eftir kynningarfundinn 18. ágúst.

Í heimabanka forráðamanns þíns birtist greiðsluseðill fyrir greiðslu skólagjalda haustannar sem eru 11000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 5000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Gjald dagi er 11.06. 2021 en eftir eindaga sem er 07.07. 2021 leggst á vanskilagjald kr. 1500. Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 4000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum þig til þess að taka virkan þátt í starfi þess, samhliða því að takast af krafti á við námið.

- Ef þú ert orðinn 18 ára þá birtast reikningar í þínum heimabanka.
- Gjald dagi 11.06 2021
- Eindagi 07.07 2021
- Inna, www.inna.is verður lokað í byrjun ágúst vegna töflugerðar og opnast svo aftur um miðjan ágúst hjá þeim sem greitt hafa skólagjöld haustannar.
 - Mundu að þú þarft rafræn skilríki og aðstandendur þínir hafa líka aðgang að Innu með sínum rafrænu skilríkjum.

Greiðsla innritunargjalds er endanleg staðfesting á að þú þiggir skólavist hjá okkur í MH. Við gerum ráð fyrir að þú hlítir reglum skólans en nánari upplýsingar um reglur skólans eru á heimasíðu hans. Ennfremur skal bent á að nám í MH krefst fullrar atorku og skipulag þess gerir ekki ráð fyrir að þú stundi vinnu samhliða námi.

Minnt er á ákvæði í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* þar sem segir að „ Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda.“

Um miðjan ágúst koma upplýsingar á heimasíðu skólans um byrjun haustannar sem við hvetjum þig til að lesa. Fylgstu með á heimasíðu skólans www.mh.is þegar nær dregur.

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH ertu beðin/inn/ið um að senda póst á mh@mh.is eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst. Skrifstofa skólans lokar frá og með 23. júní og opnar aftur mánudaginn 9. ágúst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig í haust og taka þátt í nýjum kafla í lífi þínu og ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar.

Fyrir hönd MH, Helga Jóhannsdóttir, konrektor.

Applicants that are accepted into the Pre-IB/IB1 will receive a welcome letter in English from the IB DP Coordinator

